

Byggðasamlag um brunavarnir í Austur-Húnavatnssýslu

Fundur í stjórn Byggðasamlags um brunavarnir í Austur-Húnavatnssýslu var haldinn á skrifstofu Blönduósbæjar, mánudaginn 9. desember 2019, og hófst kl: 18:40-

Mættir: Hjálmar Björn Guðmundsson, formaður (Blb.), Jóhanna Magnúsdóttir (Hvhr.), Magnús Valur Ómarsson (Blb), Ingvar Sigurðsson, slökkviliðsstjóri A-Hún., og Valdimar O Hermannsson, framkv. stjóri BAH., sem jafnframt ritaði fundargerð.

Fundargerð:

Hjálmar Björn, formaður, setti fund, kl 18:40, og bauð fundarmenn velkomna.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar var yfirfarin, samþykkt og undirrituð, en hún hafði verið send fundarmönnum í tölvupósti, án athugasemda.

2. Fjárhagsáætlun 2020 – Brunavarna A-Hún.

Valdimar fór yfir helstu atriði, er varða fjárhagsáætlun 2020 og hvaða þættir hafa áhrif á áætlunina til hækkunar, m.a., vegna launa og aukinna krafna um bakvaktir auk fjárfestinga BAH í auknum tækjabúnaði og fleiri atriðum. Þá var rætt um með hvaða hætti mætti auka tekjur brunavarna, m.a. vegna úttekta, og eftirlits, en Brunavarnir hafa nú tekið yfir allt brunavarnareftirlit. *Eftir umræðu og útskýringar var fjárhagsáætlun 2020, samþykkt af stjórn.*

3. Húsnæðismál Brunavarna A-Hún.,

Umræður urðu um fyrsta fund í nýskipuðum rýnihóp, sem samþykktur var á síðasta fundi, um framtíðarskipan húsnæðismála brunavarna, og mögulegt samstarf í þeim efnum. Þá var kynntur nýr möguleika sem komið hefur til skoðunnar á síðustu dögum og vikum, sem gæti hentað brunavörnum vel. *Framkvæmdastjóra, slökkviliðsstjóra, ásamt formanni, var falið að vinna málið áfram og láta reyna á þann möguleika, með fyrirvara um fjármögnun.*

4. Endurnýjun á Tankbíl slökkviliðs A-Hún.

Náðst hafa samningar á endurnýjun á tankbíl, sem kynnt var á síðasta fundi, en um er að ræða notaðan tankbíl frá Brunavörnum Árnassýslu, sem er um áratug yngri en núverandi bíll, og kom hann norður fyrir heiðar í dag 9/12., ásamt flotdælu og öðrum búnaði. Samþykkt var að eldri bíll verði auglýstur til sölu í núverandi ástandi á því verðbili sem rætt var á fundi, eða fá tilboð. *Þá var samþykkt boð um að leigja húsnæði, fyrir tankbílinn yfir vetrartíma.*

5. Önnur mál:

Stjórn samþykkir að laun, vegna stjórnarfunda BAH, verði greidd í samræmi við aðrar nefndir og stjórnir sveitarfélaganna, eða byggðasamlaga í A-Hún.

Fleira ekki gert, og fundi slitið kl 19:50-




Hjálmar Björn Guðmundsson (sign),

Jóhanna Magnúsdóttir (sign),



Magnús Valur Ómarsson (sign),



Ingvar Sigurðsson (sign),


Valdimar O Hermannsson (sign)

Byggðasamlag um brunavarnir í Austur-Húnavatnssýslu

Fundur í stjórn Byggðasamlags um brunavarnir í Austur-Húnavatnssýslu var haldinn á skrifstofu Blönduósbæjar, laugardaginn 1. febrúar 2020, og hófst kl: 14:00-

Mættir: Hjálmar Björn Guðmundsson, formaður (Blb.), Sverrir Þór Sverrisson (Hvhr.), Magnús Valur Ómarsson (Blb), Ingvar Sigurðsson, slökkviliðsstjóri A-Hún., og Valdimar O Hermannsson, sveitarstjóri Blb., sem jafnframt ritaði fundargerð.

Fundargerð:

Hjálmar Björn, formaður, setti fund, kl 14:15, og bauð fundarmenn velkomna.


- Fundi stjórnar var frestað fram yfir fund sveitarstjórnar Blönduósbæjar, þann 11. febrúar 2020- þar sem fram komu athugasemdir, frá fulltrúa Húnavatnshrepps, um að mögulega væri fundurinn ólöglegur.
- Nýr fundur verður boðaður, með nýskipaðri stjórn, til afgreiðslu þeirra mála sem lágu fyrir þessum fundi.

Fleira ekki gert, og fundi slitið kl 14:36-

Hjálmar Björn Guðmundsson (sign),


Sverrir Þór Sverrisson (sign),



Magnús Valur Ómarsson (sign),



Ingvar Sigurðsson (sign),


Valdimar O Hermannsson (sign)